



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 63. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn 3. hæð,
22. nóvember 2018, kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, formaður.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Endanlega afgreiðsla stjórnar á rekstraráætlun 2019 kynnt. Útfærsla niður á rekstrarsvæði liggur ekki fyrir.

Formaður fór yfir niðurstöður umræðna frá stjórnarfundum. Ljóst er að ekki er hægt að verða við öllum óskum sem fram voru komnar varðandi fjármögnun til rekstar fyrir 2019. Svæðisráð telur brýnt að horft verði til fjölda ferðamanna á suðursvæði og umfangi í rekstri þegar endanleg ákvörðun um dreifingu fjármagns til svæða verður tekin.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Kynnt vinna Skipulagsráðgjafa og þjóðgarðsvarðar frá síðasta fundi svæðisráðs.

Svæðisráð lýsir yfir vonbrigðum með framlögð gögn og telur þau ekki í samræmi við umræður og ákvarðanir á svæðisráðsfundi nr. 59, m.a. um útfærslur á aðstöðu fyrir ferðapjónustu við Jökulsárlón. Svæðisráð telur brýnt að fram komi gögn, sem fyrst, sem hægt er að fara með í samráðs- og kynningarferli.

3. Jökulsárlón-Umsókn um heimild til uppbyggingu - 1810005

Erindi frá Jökulsárlón Ferðapjónusta ehf ódagsett. Ósk um heimild til að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og starfsfólk félagsins. Óskað er eftir heimild til að setja niður einingar aftan við núverand skála sem bæta myndi aðstöðu starfsmanna og veitingasölu. Einnig er óskað eftir heimild til að setja glerhýsi á framhlið skála.

Svæðisráð telur mjög mikilvægt að bæta ásýnd og upplifun ferðamanna við Jökulsárlón. Þar sem stjórnunar- og verndaráætlun ásamt skipulagi fyrir svæðið er í vinnslu er ekki hægt að samþykkja framlagðar hugmyndir eins og þær liggja fyrir. Svæðisráð leggur til að farið verði í viðræður við forsvarsmenn félagsins um möguleika á heilstæðum úrbótum á svæðinu þar til uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag getur hafist.

4. Jökulsárlón-Umsókn um leyfi til siglinga - 1811012

Erindi frá Arctic Adventures dagsett 16. nóvember 2018. Sótt er um leyfi til siglinga með farþega á umhverfisvænum rafmagnsbát á Jökulsárlóni sumarið 2019.

Í ljósi fyrri umfjöllunar svæðisráðs um aukna afþreyingarstarfsemi við Jökulsárlón og á meðan að stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir, getur svæðisráð ekki mælt með útgáfu leyfis.

5. Íshellaferðir veturinn 2018 til 2019 - 1810001

Haldinn var samráðsfundur 29. október með ferðapjónustuaðilum vegna íshellaferða veturinn 2018 til 2019. Kynnt samkomulag vegna umgengni og hugmyndir um fyrirkomulag við Jökulsárlón vegna íshellaferða.

Þjóðgarðsvörður upplýsti um fundinn og framgang málsins fram til þessa.

6. Umsókn um samning vegna starfsemi innan Þjóðgarðs - 1811009

Erindi Adventure Point ehf. ódagsett. Óskað er eftir að gera samning vegna starfsemi innan Þjóðgarðs.

Svæðisráð vísar í bókun stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs frá fundi hennar nr. 122. "Stjórn vill upplýsa að dregist hefur að setja reglugerð um hvernig skuli staðið að framkvæmd málsins og því ekki verið hægt að afgreiða umsóknir um starfsleyfi. Unnið er að úrlausn málsins, en strax og áður nefnd reglugerð verður gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mun Vatnajökulspjóðgarður kappkosta að vinna svo hratt sem unnt er að afgreiða málið."

7. Breiðárlón-Umsókn um kayaksiglingar - 1811008

Erindi Adventure Point ehf. ódagsett. Óskað er eftir leyfi til að stilla upp þjónustu sem felst í að fara með litla hópa, 2 til 8, í kayak siglingu um Breiðalón.

Gestir

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Í ljósi þess að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er ekki fyrir hendi sem og atvinnustefna fyrir þjóðgarðinn mælir svæðisráð ekki með veitingu leyfis til kayakferða á Breiðárlóni.

8. Esjufjöll-Umsókn um gerð salernisaðstöðu - 1811006

Erindi Jökklarannsóknafélags Íslands dagsett október 2018. Ósk um að koma fyrir salernishúsi við skála félagsins í Esjufjöllum. Í umsókninni kemur fram að byggt verður við núverandi skála um tveggja fermetra salernishús allur úrgangur frá salerni verður fluttur til byggða.

Gestir

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Svæðisráð mælir með að Jökklarannsóknarfélagi Íslands verði heimilt að setja upp þurrsalerni við skálann í Esjufjöllum en leggur jafnframt áherslu á náttúruverndargildi svæðisins.

9. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrllu - 1811010

Erindi Atlandsflugs ehf. dagsett 28. október 2018. Erindið fjallar um staðsetningu á þyrllu í Örafum og nýtingu hennar til ferða á fáfarna ferðamannastaði innan Þjóðgarðsins. Einnig rætt um möguleika á að til verði miðlægur staður fyrir afþreyingarferðapjónustu í nágrenni flugvallarins.

Gestir

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Eftir umræður metur svæðisráð málið þannig að fleiri upplýsinga sé þörf, t.d. frá rekstaraðila um áætlaðar flugleiðir, gerðir og fjölda ferða og framtíðarsýn. Eins óskar svæðisráð eftir að starfsmenn afli upplýsinga um reynslu og viðhorf þar sem sambærileg og/eða svipuð starfsemi er til staðar, innanlands sem utan. Svæðisráð

fagnar hugmyndum um uppbyggingu á miðlægum stað fyrir afþreyingarferðaþjónustu í nágrenni þjóðgarðsins.

10. Skaftafell-Umsókn um samning um aðstöðu - 1810006

Erindi Trölliferða ehf. ódagsett.

Gestir

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Umsókn Trölliferða um aðstöðu í Skaftafelli var rædd. Umsóknina þarf að skoða í samhengi við aðstöðu annarra fyrirtækja á svæðinu. Svæðisráð mælist til þess að samningur verði gerður til tveggja ára um starfsaðstöðu við þau fyrirtæki sem hafa verið inni í Skaftafelli. Til að gæta jafnræðis verði möguleiki á að heimila aðstöðu fyrir fleiri fyrirtæki. Í ljósi núverandi deiliskipulags og fyrirkomulags á bílastæði í Skaftafelli er ljóst að færa þurfi núverandi móttökuhús fyrir 1. maí 2019. Nýja staðsetningu skal ákveða í samráði við þjóðgarðsvörð.

Svæðisráð leggur enn fremur til að starfsmannabúðir fyrirtækja sem eru með aðstöðu innan þjóðgarðs verði eingöngu leyfðar út árið 2019. Heimilt verði að nýta núverandi húsnæði til loka árs 2019 og síðan verði húsnæði fjarlæggt. Skýlaus krafa skal vera um að húsnæði uppfylli lögmæt skilyrði um starfsmannahúsnæði. Allur kostnaður við rekstur og viðhald starfsmannahúsnæðis er leigutaka. Svæðisráðs telur líka nauðsynlegt að sanngjörn leiga verði greidd fyrir aðstöðu í Skaftafelli. Hér er eingöngu um samning til tveggja ára að ræða með engum loforðum um framlengingu. Málinu vísað til stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs til endanlegrar ákvörðunar.

11. Skaftafell-Umsókn um rekstur matarvagns - 1811011

Gestir

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Í samræmi við lið 10 á dagskrá fundar leggur svæðisráð til að gerður verður samningur til tveggja ára. Hér er eingöngu um samning til tveggja ára að ræða með engum loforðum um framlengingu.

Fundi slitið kl. 17:00.